

**Ed.**

**394. Nefndarálit**

**[36. mál]**

um frv. til laga um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Minni hluti nefndarinnar, Helgi Bergs og Ólafur Jóhannesson, mun því skila séráliti um málið.

Frumvarp þetta er í beinu sambandi við frumvarp til laga um bátaábyrgðarfélag, sem einnig liggur fyrir til afgreiðslu á yfirstandandi Alþingi. Meiri hluti nefndarinnar hefur því leyft sér að flytja breytingartillögur við frumvarpið á sérstöku þingskjali, en í þeim felst efnislega það sama og fram kemur í breytingartillögum meiri hluta sjávarútvegsnefndar við fyrrnefnt frumvarp.

Að öðru leyti leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, sem styður breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar, Gils Guðmundsson, vill þó taka fram, að hann hefur óbundnar hendur um að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. marz 1967.

Jón Árnason, form., frsm.	Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr.	Sveinn Guðmundsson.
Þorvaldur G. Kristjánsson.	Gils Guðmundsson, með fyrirvara.	